



Fundargerð

Fimmtudaginn 24. júní 2021 var haldinn fundur í stjórn Félags- og skólaþjónustu A-Hún kl. 16.00 á skrifstofu Félags- og skólaþjónustu A-Hún á Blönduósi. Á fundinn mættu stjórnarmennirnir: Jón Gíslason, Péturína L. Jakobsdóttir, Dagný Rósa Úlfarsdóttir og Sigurgeir Þór Jónasson. Auk þess sátu fundinn: Sara Lind Kristjánsdóttir, félagsmálastjóri, Eydís Inga Sigurjónsdóttir fulltrúi Sæborgar og Alexandra Jóhannesdóttir framkvæmdastjóri byggðasamlagsins.

Formaður stjórnar, Jón Gíslason, setti fundinn og stjórnaði honum. Framkvæmdastjóri ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Ársreikningur 2020

Fyrir fundinum lá ársreikningur samstæðu Félags- og skólaþjónustu Austur-Húnavetninga bs. og Sæborgar sem unnin var af Davíð Búa Halldórssyni endurskoðanda hjá Enor ehf. Í ársreikningi kemur fram að rekstrartekjur samstæðu byggðasamlagsins námu 267,7 millj. árið 2020 en voru 224,8 millj. árið 2019 og höfðu því hækkað um 19,1% á milli ára. Rekstrargjöld námu 261,2 millj. og fjármagnsgjöld 4,2 millj. Rekstrarniðurstaða var því jákvæð um 2,3 millj. í samanburði við 22,7 millj. jákvæða niðurstöðu 2019. Handbært fé nam 24,6 millj. í árslok í samanburði við 24,7 millj 2019 og breytingin því óveruleg. Mikil hækkun varð á launakostnaði á árinu vegna breytinga á kjarasamningum og starfsmati og þá féll einnig til talsverður auka kostnaður vegna nauðsynlegra viðbragða við Covid19. Settu þessir þættir mark sitt á rekstur ársins.

Stjórn fór yfir ársreikning og samþykkti hann síðan og undirritaði.



2. Framkvæmdir

Framkvæmdastjóri fór yfir þau verkefni sem samþykkt var að fara í á árinu og stöðu þeirra.

a. Endurbætur á íbúðum í Hnitbjörgum:

Endurbætur á íbúðum 1.1. og 1.2. í Hnitbjörgum eru langt á veg komnar. Búið er að leggja allt rafmagn og pípulagnir, búið að flísaleggja veggi á baði á efri hæð og að hluta til á gólf og veggi á neðri hæð. Búið er að flota undir parket á efri hæð. Áætluð afhending íbúða er upp úr miðjum júlí.

b. Þak í Hnitbjörgum:

Fyrir fundinum lágu upplýsingar um mismunandi framkvæmdanálganir vegna þaksins á Hnitbjörgum. Um er að ræða annars vegar tilboð í nýtt einhalla þak og núverandi þakvirki með tvöföldu lagi af þakpappa. Hins vegar áætlanir um að leggja nýtt einfalt lag ofaná núverandi þakpappa og breyta þakniðurföllunum þannig að regnvatnið fari niður með utanverðum útveggjum í stað þess að fara inn í mitt hús. Stjórn fór yfir fyrirbyggjandi gögn og tók sameiginlega ákvörðun um að fresta framkvæmdum á þaki með það fyrir augum að byggja þess í stað ofan á húsið á næsta ári. Mikil þörf hefur skapast fyrir íbúðir fyrir eldri borgara og biðlistar langir og eru því forsendur til að bæta við fimm íbúðum með því að byggja ofan á Hnitbjörg. Var framkvæmdastjóra falið að vinna áfram að verkinu.

c. Þakkantur á Sæborg

Búið er að ráða verktaka til að sinna endurbótum á þakkanti á Sæborg og verður farið í verkefnið í ágúst.

d. Endurbætur á íbúð að Ægisgrund

Búið er að ráða verktaka til að sinna endurbótum á íbúð á Ægisgrundinni og verður farið í verkefnið í ágúst.

e. Þakkantur á Ægisgrund

Búið er að ráða verktaka til að endurnýja þakkant á þremur íbúðum á Ægisgrund. Verður byrjað á verkefninu í annarri viku í júlí.

Stjórn ræddi fyrirbyggjandi framkvæmdir og samþykkir hér með að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga allt að fjárhæð 64.000.000 kr. til allt að 13 ára.



Er lánið tekið til fjármögnunar á framkvæmdum húsnæðis á vegum Félags- og skólaþjónustu A-Hún sem samþykktar voru í fjárhagsáætlun 2021. Verkefni falla undir lánshæf verkefni, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er Alexöndru Jóhannesdóttir framkvæmdastjóra kt. 070788-2339, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Félags- og skólaþjónustu A-Hún að undirrita lánsamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari.

Til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu láns þessa, ásamt vöxtum, verðbótum og kostnaði standa einfaldar óskiptar ábyrgðir allra eigenda sem eru Blönduósþæ, Skagastönd, Skagabyggð og Húnavatnshreppur sbr. heimild í 2. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og setja þau til tryggingar tekjur sínar sbr. 2. mgr. 68. gr. sömu laga.

3. Skýrsla félagsmálastjóra

Sara Lind Kristjánsdóttir félagsmálastjóri fór yfir stöðu verkefna í félagsþjónustunni það sem af er að ári. Í máli félagsmálastjóra kom fram að miklar áskoranir væru í öllum málaflokkum félagsþjónustunnar. Umfangsmiklar breytingar eru framundan í tengslum við ný barnaverndarlög sem taka gildi næstu áramót. Þá hefur verið mikið álag á starfsfólki í barnavernd og borið á manneklu síðustu mánuði. Mál eru bæði að þyngjast og þeim að fjölga, en tilkynningafjöldi hefur vaxið um 69,5% milli ára sem má að einhverju leyti tengja við Covid19 og ástandi í samfélaginu í tengslum við það.

Byggðastofnun auglýsti eftir styrkumsóknum vegna áskorana sem hafa fylgt Covid 19 í félagsþjónustu og barnavernd 2020. Í barnavernd jókst tilkynninga- og málafjöldi merkjanlega milli ára með tilheyrandi kostnaði vegna yfirvinnu starfsmanna og aukins sérfræðikostnaðar. Sótt var um styrk frá Byggðastofnun alls að upphæð 8,4 millj. Umbeðin styrkuppæð nemur kostnaðarauka í málum á tímabilinu mars-desember 2020 samanborið við sama tímabil 2019.



Samþykktar styrkfjárhæðir:

- Blönduósbær: - 1.741.239 kr.
 - Húnavatnshreppur: - 662.685 kr.
 - Skagabyggð: - 158.929 kr.
 - Skagaströnd: - 818.213kr.
- Alls. - 3.381.066 kr.

Skýrsla félagsmálastjóra var flutt munnlega til kynningar.

4. Starfsmannamál

Sæborg

Fyrir fundinum lá uppsögn Jökulrósar Grímsdóttur forstöðumanns Sæborgar sem lætur af störfum vegna aldurs þann 1. september nk. eftir farsælt samstarf. Stjórnin þakkar samstarfið og óskar henni velfarnaðar á nýjum vettvangi.

Jafnframt felur stjórn framkvæmdastjóra að auglýsa eftir nýjum forstöðumanni og annast ráðningaferlið.

Félagsþjónusta A-Hún

Í skýrslu félagsmálastjóra sem flutt var undir 3. lið fundar kom fram beiðni um að bætt yrði við tveimur stöðugildum við félagsþjónustu vegna aukins álags. Stjórn ræddi fram komna ósk og fól félagsmálastjóra að gera tillögu til framkvæmdastjóra um nánari útfærslu á aukinni starfsmannaþörf. Var endanlegri ákvörðun vísað til gerðar viðauka við fjárhagsáætlun 2021 en kalla þarf eftir auknum framlögum frá aðildarsveitarfélögum vegna breytinganna. Fram kom að núverandi húsnæði félags- og skólaþjónustu rúmi ekki starfsemina ef bætt yrði við starfsfólki og því þurfi að skoða aðra möguleika varðandi húsnæðiskost.

5. Önnur mál

Ekki var fleira tekið fyrir undir þessum lið og fundi slitið kl.17:50



Félags- og skólajónusta A- Hún

Stjórn

Jón Gíslason

Dagný Rósa Úlfarsdóttir

Péturína L. Jakobsdóttir

Sigurgeir Þór Jónasson

Starfsmenn

Alexandra Jóhannesdóttir

Sara Lind Kristjánsdóttir

Eydís Inga Sigurjónsdóttir